

# DAGSKRÁRMÖGULEIKAR

## VALKVÆÐ DAGSKRÁ Í BÖÐI SÓLHEIMA



SKÁTARNIR

Gert er ráð fyrir hléi á dagskrá Skátapings klukkan 16:00 á laugardegi fram að Hátíðarkvöldverði klukkan 19:30. Þess á milli er frjáls tími fyrir þátttakendur en hér verður farið yfir dagskrármöguleika frá Sólheimum og nágrenni til að kynnst starfseminni þar eða umhverfi þess betur.

*\*Vakin er athygli á að samgöngur milli dagskrárliða er á ábyrgð þátttakendanna sjálfra og mun BÍS ekki sjá um að útvega ferðamáta á milli staða.*

### TAIKO VINNUSTOFA – 16:00

Núvitund við nám á meðan þú spilar á taiko-trommur. Spilað á heimagerðar Taiko trommur undir leiðsögn Sensei Halla Valla, tónlistarstjóra á Sólheimum, Lykillinn að vera meðvitaður um reynslu sína sem nemandi, tónlistarmaður og þátttakandi í samspili. Hámarks þátttakendur 12 en skráning fer fram á Abler þjónustu Skátapings.

### SÖGUSAFN SÓLHEIMAHÚSI – 16:00-18:00

Sögusafn Sólheima opnaði formlega haustið 2022 í elsta húsi staðarins, Sólheimarhúsi. Það hefur verið innrétt í upprunalegt horf og má þar finna aragrúa fróðleik um sögu staðarins og um Sesselju Hreindísi Sigmundsdóttur stofnenda Sólheima.

### GÖNGUTÚR – 16:00-17:00

Göngutúr um Flóðahringinn á Sólheimum með Valgeiri Backman. Gangan tekur um 40 mínútur og er gott tækifæri til að kynnst umhverfi Sólheima.

### SUNDLAUGIN Á BORG – 16:00-18:00

Frítt verður í sundlauginni á Borg fyrir þátttakendur Skátapings.

### SUNDLAUGIN Á SÓLHEIMUM – 17:00-18:00

Hægt verður að fara í sund á Sólheimum. Sundlaugin er lítil og tekur aðeins 15-20 manns að hverju sinni.

